

frekari uppbótar að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu frekari uppbótar séu fyrir hendi.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð nr. 490/1995. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur ákvæðis til bráðabirgða um almannatryggingar nr. 117/1993 sbr. 34. gr laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tólf mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar skal Tryggingastofnun ríkisins endurskoða allar ákvarðanir um frekari uppbætur. Við þá endurskoðun skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 60

18. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um rétt tiltekinna EES-ríkisborgara og EES-félaga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum, nr. 697 20. desember 1995.

1. gr.

2. málslíður 3. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. tölul. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, sbr. lög nr. 133 31. desember 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.